# Niðurjöfnun útsvara 1908-1910

Aðfnr. 1284 2/2, örk 3

Tekið af vef Borgarskjalasafnsins

www.borgarskjalasafn.is

Heimilt er að vitna í skjölin og skal þá geta uppruna þeirra.

Ljósmyndun þessara skjala var styrkt af Þjóðskjalasafni Íslands.

**© Borgarskjalasafn Reykjavíkur**

Til bæjarfógetans

Rvk. 12. jan. 1908.

Þér hafið, herra bæjar-
fógeti, sent niðurjöfnunarn.
erindi frá tveimur mönnum
til bæjarstjórnarinnar um upp-
gjöf á aukaútsvari 1907.

1. Jósef Magnússon trésm.
virðist ~~með~~ í bréfi sínu hafa leitt
fullgild rök að því, að honum
beri eigi að greiða hér útsvar, þar
sem hann dvaldist annars staðar mestan
hluta ársins og hefir goldið þar
útsvar, og leggur nefndin því
til, að gjaldið verði látið niður
falla.

2. Davíð Einarsson ber það
fyrir sig, að hann sé hér námsmaður
að vetrinum og geri eigi betur en
að afla þess á sumrin, sem hann þurfi
að eyða að vetrinum og sé þar á
ofan fátækur og eignalaus. Þetta
mun satt vera og vill nefndin
eftir atvikum leggja til, að gjald
hans verði látið niður falla.

Fylgiskjölin endursend.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Til
bæjarfógetans í Reykjavík.

Rvk. 18. febr. 1908.

Þér hafið, herra bæjarfógeti, með bréfi, dags. 8. þ. m., sent niðurjöfnunarnefndinni erindi frá Guðríði Þorkelsdóttur um lækkun á aukaútsvari hennar um árið 1908.

Með því að kona þessi hefir miklu minni tekjur af atvinnu þetta árið en að undanförnu, svo sem hún hefir frá skýrt, þá hefir niðurjöfnunarnefndin á fundi 10. þ. m. fallist á að taka beiðni hennar til greina og leggur til, að útsvarið verði fært niður í 8 kr. —
Fylgiskjalið endursent.

/.

---

Rvk. 20. marz 1908.

Þá hefir og nefndin á téðum fundi samþykt að lækka útsvar Þorfinns Kristjánssonar prentara, er tekinn var á skrá eftir nýárið samkvæmt kæru, um 4 kr., svo að það verði 10 kr.

Sömuleiðis hefir nefndin samþykt að fella burt útsvar Skúla Högnasonar, er tekinn var á skrá eftir nýárið, með því að hann virðist vera farinn aftur heim til föður síns, ~~og verða~~

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Högna Ketilssonar í Keflavík, og verða hans maður eftirleiðis.

~~Fylgiskjölin endursend~~. JB

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Með bjefi 14. þ. m. hefur niður-
jöfnunarnefnd Reykjavíkur bæjar
tilkynnt syni mínum Skúla Högnasyni,
að hún á aukaniðurjöfnunarfundi
10 þ. m. og eptir kæru hafi lagt á
hann auka útsvar. Kr. 16,00
Í tilefni af þessu leyfi jeg mjer að
skýra heiðraðri niðurjöfnunar nefnd frá,
að jeg á síðastliðnu sumri sendi
nefndan Skúla son minn, sem að
öllu leyti er á mínum vegum, til
Reykjavíkur í smíðavinnu jafnframt til
að læra og æfast við húsasmíðar.
Árðurinn af vinnu hans varð
óverulegur um fram það sem hann
þurfti til að kosta, þar á meðal 3
vikuna legu í mislingum, að eins
rúmt 100 kr, sem ekki svarar nema ½
vinnu mannskaupi.
Af þessum ástæðum álít jeg að ekki
hafi verið tilefni til að leggja neitt

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

útsvar á Skúla son minn og leyfi
mjer fyrir hans hönd að skora á
heiðruðu nefnd að fella úr gildi
þessa niðurjöfnunn á hann, einúngis
með tilliti til þess að jeg í hreppi
mínum geld útsvar tiltölulega meira
fyrir arð af vinnu sonar míns.
Jafnaðarmenn hef jeg ekki kunnug-
leika til að nefna, en í hæsta lagi
gæti komið til mála að leggja minsta
vinnumansútsvar á þennan fjelausa únglíng,
ef annars er lagt útsvar á vinnumenn
á húsastreki í Reykjavík. Jeg vænti
eptir heiðraðri svari nefndarinnar svo
að jeg geti í tíma skotið málinu
undir úrskurð bæjarstjórnar Reykjavíkur
ef mjer þykir þurfa

Virðingarfylst,

Keflavík 30 janúar 1908

Högni Ketilsson

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Lækkað um 4 kr.
Tilkynt bréflega.

Reykjavík 15 jan. 1908

Ídag hefi eg meðtekið tilkynningu frá hinni heiðruðu niðurjöfnunarnefnd Reykjavíkurkaupstaðar um það, að eg „sökum kæru“ hafi á fundi nefndarinnar 10. þ. m. verið settur á útsvarsskrá með 14 kr. útsvar fyrir yfirstandandi ár.

Eg verð nú fyrst og fremst að líta svo á, að nefndin hafi ekki haft rétt til að leggja á mig útsvar „sökum kæru“, þar sem hún hefir ekki gefið mér kost á að mæta við fyrirtekt kærumáls þess, sem hér er drepið á. Þess vegna krefst eg þess aðallega, að eg verði útstrikaður af útsvarsskránni aftur og útsvarið látið niður falla, sökum þess að eigi hafi verið heimild til að leggja á mig útsvar á þeim tíma og á þann hátt, sem gert hefir verið.

Til vara krefst eg þess, að útsvarsupphæðin verði færð niður í 6 — sex —

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

krónur, með því að eg hefi undanfarið hálft annað ár verið svo heilsuveill, að eg hefi ekki getað unnið fyrir meira en circa 50 kr. á mánuði (eða um kr. 600 á ári) og útlit fyrir að eins verði í ár

Virðingarfyllst.

Þorfinnur Kristjánsson

Til

niðurjöfnunarnefndar Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Herra Högni Ketilsson
Keflavík.

Rvík 4. marz 1908.

Þér hafið með bréfi, dags. 30. jan. þ.á., kvartað um, að útsvar hafi verið lagt á Skúla son yðar, sem hér var í bænum ~~langan tíma~~ í sumar og langt fram á haust, við trésmíðar.

Þá er honum var gert hér útsvar í nóvember síðastliðnum um árið 1908, var nefndinni af sögn annarra eigi annað kunnugt en hann yrði hér áfram og mætti skoða sem hvern annan gjaldþegn bæjarins þetta árið. En með því að hann nú virðist vera farinn og tvísýni á, hvort hann verði hér langdvölum eftirleiðis, þá hefir nefndin séð fært að fella gjaldið (16 kr.) niður með öllu að þessu sinni.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

BÆJARFÓGETINN Í REYKJAVÍK

Reykjavík 7. d. febr. mán. 1908.

Út af kæru frá frú Sophie Thorsteinsson hefur bæjarstjórnin á fundi ígær, úrskurðað að aukaútsvar hennar til bæjarsjóðs 1908 skuli fært niður um 50 kr. svo að það verði Kr. 150 – –

Það leyfi jeg mjer að tilkynna hinni heiðruðu niðurjöfnunarnefnd. –

Halldór Daníelsson.

Til

Niðurjöfnunarnefndarinnar. –

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

**BÆJARFÓGETINN Í REYKJAVÍK**

Reykjavík 7. d. febr. mán. 1908

Fyrir hönd bæjarstjórnarinnar vil jeg hjermeð beiðast álits hinnar heiðruðu niðurjöfnunarnefndar um meðfylgjandi
./. beiðni frá Guðríði Þorkelsdóttur Vesturgötu 15.

Með svarinu óskast fylgiskjalið endursent.

Halldór Daníelsson

Lækkað niður í 8 kr.

Til

Niðurjöfnunarnefndarinnar.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Kom 24/2. Svarað og vísað frá 25/2.

Reykjavík, 10. janúar 1908.
Box A. 31.

Filial, Isafjord.
Telefon Nr. 10.
Telegramadresse:
„Járnkarl"

# C. L. Lárusson & Co.

Með því að verzlunarfjelagið C. L. Lárusson & Co í Reykjavík hefur ákvarðað að hætta að reka verzlun, þá vil eg hjermeð fyrir hönd fjelagsins krefjast þess, að hin heiðraða niðurjöfnunarnefnd felli burt úr niðurjöfnunarskrá bæjarins útsvar það, sem lagt hefur verið á nefnt verzlunarfjelag árið 1908, sem er að upphæð 40 krónur.

D. u. s

pr C. L. Lárusson & Co
Árni Gíslason

Til
formanns niðurjöfnunarnefndar
í Reykjavík

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Vísað frá. Svarað 18/2.

Reykjavík, Njálsgötu 58 – 28. Januar 1908

Herra
oddviti niðurjöfnunarnefndarinnar
Pálmi Pálsson
Reykjavík

Hérmeð leyfi eg mér að senda yður reikning yfir útsvar, sem niðurjöfnunar nefndin hefur, í ár, í gáleysi á mig lagt. Þar sem eg er vinnumaður hjá foreldrum mínum, sem eg hefi dvalið hjá síðan eg fæddist, hljótið þér og nefndin öll að sjá að engin sanngirni er að leggja útsvar á mig frekar en aðra vinnumenn bæjarins. Eg hefi ekki um langan tíma verið heima og hafði enga hugmynd um álagningu þessa, fyrr en seðill þessi kom, fyrir nokkrum dögum, því gat eg ekki borið mál þetta fyrr upp.

Eg vona fastlega að þér hlutist til um að misgáningur þessi verði lagaður, svo eg verði ekki ónáðaður með lögtaki á gjaldi þessu, sem eg þykist ekki skyldur til að borga.

Virðingarfyllst

Sigurður Hjörleifsson
Njálsgötu 58

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Reykjavík 16/1 – 08

Velæruverðuga niðurjöfnunar-
nefnd Reykjavíkur Kaupstaðar!

Þar eð jeg er í niðurjöfn-
unarskránni, að þið hafið sett
mér aðeins 12 Krónur útsvar,
óski jeg þess að þið hækk-
ið það uppí 25 Krónur, þar
eð jeg hef verið atvinnulaus
meira en helming ársins
og hef öngva von á vinnu
nú sem stendur. Með von
um að hin heyðraða nefnd
verði við ósk minni?

Virðingarfyllst

Axel Clausen
(farandsali?)

N.B.
Með von um
svar ef. ykkar
nefndi
nafni.
A. C.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Til niðurjöfnunarnefndarinnar
í Reykjavíkurbæ 1908

Jeg undirrituð leifi mjer
að benda yður á nokkur
dæmi uppá yðar rjettvísu
niðurjöfnun þetta ár.
Fyrsta dæmi: Þjer leggið
jafnt á mig með óvís daglaun
og á frú Kristjönu Hafstein
amtmannsekkju, með þrjú-
fjögur þúsund krónu árstekjur.
Annað dæmi: Á frú Ingibjörgu
Jensdóttur, með læknisekkju
eftirlaunum, og sem þar á ofan
á fasteign 8 kr.

Þriðja dæmi: Þjer leggið á
frú Karolínu Þorkellsson
með talsverðan „Praksis"
aðeins 4 kr. Og á frú Rag-
nhildi Briem, sem á fasteign
4 kr.
Og síðast en ekki sízt vil
jeg telja frú Ragnheiði Guð-
jónsson, með læknisekkju
eftirlaunum, og sem einnig
er húseigandi; og ennfremur
á 4 börn uppkomin, og hún
á ekkert að borga. Hvað rjett
er eða rangt í þessu, ætla
jeg að hver maður með
meðal greind, geti dæmt um.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Móðir mín – frú Metta Einarsd. hefði kunnað betur við að borga 4 kr. – einsog hún hefi ávalt gjört áður – af þeirri upphæð, sem þáj á að borga, svo að hún fengi að halda sínum kosningarrjetti, sem tekinn hefur verið af henni þetta ár.

Reykjavík 28 Januar 1908

Kristjana Markúsdóttir

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

BÆJARFÓGETINN Í REYKJAVÍK

Reykjavík 3. júlí mán. 1908

Til leiðbeiningar niðurjöfnun á útsvörum til bæjarsjóðs, sem nú á fram að fara, vil jeg hjermeð tjá hinni heiðruðu niðurjöfnunarnefnd, að menn þeir er taldir eru hjer á eftir, hafi fengið atvinnuleyfi hjer í kaupstaðnum frá 3. des. f.á.

I. Borgarabrjef.

× Carl Fr. Frideriksen, bakari
Hans P. Petersen, verzlunarmaður
× Páll Stefánsson verzlunarmaður
× Det Danske Petroleums Aktieselskab
× Ágúst Thorsteinsson, bókhaldari
× Frits Heymann Nathan, verzlunarmaður
× Guðmundur Mattíasson, verzlunarmaður
× Slippfjelagið í Reykjavík
× Ragnar Þorsteinsson, verzlunarmaður
× Jörgen Aall-Hansen, verzlunarmaður
× Gunnlaugur Þorsteinsson, verzlunarmaður
× Axel Carlquist, vindlagjörðarmaður
× Erasmus Gíslason, Lindargötu 34.
× Páll Bergsson, Nýlendugötu 19
× Kristín Þorvaldsdóttir, Pósthússtræti 14

II. Húsmennskuleyfi:

× Angantýr Hróbjartsson, Brekkustíg 7
× Svavar Sigurbjarnarson, Njálsgötu 32
× Sóli Hinriksson, Lindargötu 10B
× Þorgils Snorrason, Mjóstræti 8.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

× Guðjón Guðmundsson, Kárastíg 3.
× Guðrún Tómasdóttir, Brautarholti
× Magnús Einarsson, Lindargötu 28
× Ingimundur Ólafsson, Sellandsstíg
× Carl G. Nielsen, Hverfisgötu 58
× Halldór Þorsteinsson, Grettisgötu 35 B.
× Guðmundur Snorrason, Grænuborg
× Sigurður Sigurðsson, Grettisgötu 50
× Sigurður Guðmundsson, Grettisgötu 47
× Guðmundur Guðmundsson, Njálsgötu 16
× Einar Einarsson, Grettisgötu 42
× Eiríkur Björnsson s. st.
× Tómas Þormóðsson, Laugaveg 27
× Guðmundur Helgason, í húsi Jóns Magnúss. Laugaveg

## III. Skipstjóra skýrteini

× Einar Stefánsson, Vesturgötu 48.
× Tómas Ólafsson, Vesturgötu 35
× Björn Jónsson, Ánanaustum

## IV. Leiðsögumannsskírteini

× Teitur Sigurðsson, Njálsgötu 41
× Helga Einarsdóttir, Laugaveg 13
× Guðlaugur Halldórsson, Grettisgötu 28
× Jón Ólafsson, Stóru Grund
× Sigurður Þorvarðarson, Bergstaðastræti 6
× Eyvör Gísladóttir, Frakkastíg 6 A.
× Guðjón Einarsson, Bræðraborgarst. 26 (Móbergi)
× Elínborg Ólafsdóttir, Miðseli
× Ágústína Davíðsdóttir, Vatnsstíg 10
× Bjarni Þórðarson, í húsi Guðm. Páls. Bráðræðisholti
× Kristbjörg Ólafsdóttir, Melbæ við Bræðrab. st.
× María Ámundadóttir, Laugaveg 72
× Kristín Jónsdóttir, Grettisgötu 35
× Ólafur Guðmundsson, Brunnstíg 9.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

× Ólafur Hafliðason, Bræðraborgarstíg 8
× Guðmundur Jónsson, Bjarnaborg
× Sigurður Pálsson, Stýrimannastíg 8 B
× Benidikt Erlendsson, Laugaveg 50
× Elín Egilsdóttir, Barónsstíg 28
× Páll Erlendsson, Skálholtskoti (Laufásv. 15)
× Guðmundur Halldórsson, Laugaveg 74.
× Guðrún Ólöf Magnúsdóttir, Stýrimannast. 5
× Ingveldur Jónsdóttir, Kárastíg 3
× Runólfur Jónsson, s. st.
× Guðfinna Guðnadóttir. Hverfisgötu 10 B
× Guðmundur Kristján Jónatansson, Bankastr. 2
× Margrjet Sigríður Sigurðardóttir, Hverfisgötu 22
× Ólafur Auðunnsson, Melstað Bráðræðisholti
× Jón Pálsson, Holtsgötu 16.

V. Sveinsbrjef.

Engin.

Halldór Daníelsson

Til
Niðurjöfnunarnefndarinnar. —

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Til bæjarfógetans.

8/7 1908

Þér hafið, herra bæjarfógeti, sent niðurjöfnunarnefndinni erindi frá nokkrum gjaldendum bæjarins um lækkun eða afnám útsvara, er á þá hafa verið lögð í haust, og óskið umsagnar nefndarinnar um þessi mál.

1. Oddur Bjarnason frá Brautarholti kveðst vera „annars maður" og hefir sent með konu sinni útsvarsseðil frá ~~oddvitan~~ gjaldkeranum í Kjalarneshreppi og kvittun um 10 kr. gjald til þess hrepps fardagaárið 1907–8. Með því að nefndinni er kunnugt um, að þessi maður á hér hálft hús, hefir stundað atvinnu sína, sjósókn og landvinnu, héðan allt árið sem bið og það sem af er þessu ári og verið hér algerlega búsettur í bænum, þá finnur hún ~~enga~~ ekki næga ástæðu til að leggja með því, að þessu gjaldi, sem á hann var lagt, 20 kr., verði af honum létt, enda þótt hann hafi sjálfviljugur greitt lítilsháttar gjald í hreppi, þar sem honum getur með engu móti borið að sínu slakt gjaldi af sér, eða annarstaðar er á vikið.

2. Þórður Gíslason trésmiður er húseig-
andi hér í bæ og á hér konu og 1 barn og
hefir að undanförnu haft góða atvinnu
(t.d. árskaup hjá Thomsen 900 kr.) og þótt
hann leiti sér atvinnu fyrir norðan um
stundarsakir, þá er hér er rýrari at-
vinnu að fá, getur nefndin eigi lagt
til, að útsvör hans árin 1907 og 1908
verði lækkuð, þar sem þau mega teljast
fremur of lág (15 kr. hvort árið).

3. Verzlunin C. Lárusson & Co. Þótt að það sé
eigi alls kostar rétt, að verzlun þessi hafi
hætt við síðasta nýjár, því að hún hefir
verið að selja vörubirgðir sínar alt fram
á vor, þá virðist nefndinni þó eftir
atvikum rétt að leggja með því, að
hið álagða útsvar ~~1908~~, 40 kr., verði
lækkað (að mun) um fullan helming eða því sem næst.

4. Kjartan Ólafsson rakari tjáist
eigi hafa verið hér í bænum fyrri helming
ársins 1907 og með því að þessu er
svo varið, vill nefndin taka beiðni
hans um lækkun til greina og leggur
til að útsvarið, sem var 16 kr., verði
lækkað um helming.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

5. Ólafur Jónsson. Með því að maður þessi mun, svo sem hann skýrir frá, eigi hafa verið langdvölum hér í bænum árið 1907 og hefir greitt útsvar annars staðar, auk þess verið við nám í útlöndum, þá leggur nefndin til, að útsvar hans það ár verði látið niður falla, en um útsvarið 1908 er öðru máli að gegna, þar sem enn er ósýnt, hvort hann stundar hér ekki atvinnu sína alt árið eða ~~[illegible]~~ svo mikinn hluta þess, að honum verði skylt að greiða hér hæfilegt útsvar. Virðist því eigi liggja á að úrskurða um það atriði að þessu sinni.

./. Fylgiskjölin endursend.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

**BÆJARFÓGETINN Í REYKJAVÍK**

Reykjavík 21. d. febr. mán. 1908.

⁄. Um erindi, sem fylgir brjefi þessu, frá Oddi Bjarnasyni Brautarholti, vil jeg fyrir hönd bæjarstjórnarinnar beiðast álits hinnar heiðruðu niðurjöfnunarnefndar, og óskast fylgiskjölin endursend með svarinu. –

Halldór Daníelsson.

Til

Niðurjöfnunarnefndarinnar.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Ekki sint.

Á hér hálft hús og hefir verið hér allt árið sem búið og það sem af er þessu ári?

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

BÆJARFÓGETINN Í REYKJAVÍK

Reykjavík 22. d. Maí mán. 1908.

Hjermeð leyfi jeg mjer að senda hinni heiðruðu niðurjöfnunarnefnd erindi tvö, annað frá Kjartani Ólafssyni rakara og hitt frá Ólafi trjesmið Jónssyni Laugaveg 24B, bæði þess efnis, að þeir fara fram á uppgjöf á aukaútsvörum sínum og óska jeg að fá umsögn nefndarinnar um erindi þessi og þau endursend með svörum.

Halldór Daníelsson

Til
niðurjöfnunarnefndar Reykjavíkur.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Kjartan kom hingað vorið 1907 og á að gjalda fyrir síðari helming ársins og fært frá gjaldið síðan um helming

Ólafur Jónsson sleppi við útsvar 1907. Gjaldið 1908 standi óbreytt.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

BÆJARFÓGETINN Í REYKJAVÍK

Reykjavik 16. d. júní mán. 1908.

Í umboði bæjarstjórnarinnar vil jeg beiðast álits hinnar heiðruðu niðurjöfnunarnefndar um meðsend erindi frá Árna Gíslasyni um undanþágu frá aukaútsvari þ.á. og niðurfærslu á aukaútsvari frá Þórði Gíslasyni.

Með svarinu væntast fylgiskjölin endursend.

Halldór Daníelsson.

Til

Niðurjöfnunarnefndarinnar

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Þórður Gíslason er hér húseigandi og á hér konu og 1 barn (kaup hjá Thomsen 900 kr. efnaður). Leitar sér f. norðan atvinnu). Ekki sint.

Verzlunin C. Lárusson & Co. greiði hálft gjald, með því að hún hefir ekki haft fyrri en í vor.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

TELEFON NR. 4172.

KØBENHAVN K., D. 15 Juni 1908
KØBMAGERGADE 8.

# Georg Chr. Ursin's Efterfølger

## Boghandel.

Herr Professor. Bjórn M. Olsen

| | | | KR. | ØRE |
|---|---|---|---|---|
| Febr | 20 | An 1 Hazell Annual 1908 | 3 | 50 |
| | | | 3 | 50 |

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

KJØBENHAVN D. Júni 15 1908

Herr Reykiavik lærde Skole

FRA

SORTIMENT AF SKANDINAVISK LITERATUR.

# GEORG CHR. URSIN'S EFTERFØLGER

KJØBMAGERGADE No 8.

STORT LAGER AF UDENLANDSK LITERATUR.

FIRMAETS COMMISSIONÆRER I UDLANDET ERE:

K. F. KOEHLER i LEIPZIG; SAMPSON LOW & Co. i LONDON; F. A. BROCKHAUS i PARIS; E. STEIGER & Co. i NEW-YORK.

| | | | DEBET. KR. | DEBET. ØRE | CREDIT. KR. | CREDIT. ØRE |
|---|---|---|---|---|---|---|
| 1907 | | Au Saldo if tilsendt specificeret Regning af 13/11 07 | 145 | 56 | | |
| Novbr | 25 | 1. Sophokles Tragedier v. Dorph | 3 | — | | |
| | | 1. Aeschylos Tragedier ½. | 2 | — | | |
| Decbr | 30 | 1 New eng Dictionary VII. × | 7 | 50 | | |
| 1908 Jan. | 11. | 1 Feilberg Bidrag til en Ordbog 31 Hft. × | 2 | 50. | | |
| | | 1 Kalkar Ordbog. 45. × | 3 | — | | |
| | 15 | 1 Halvorsen Norske Forfattere – Lexikon 64/65. | 2 | — | | |
| | 27 | 1 Vor Ungdom pr cplt. × | 2 | — | | |
| Febr | 11. | 1 Medlemsbidrag t. ~~Norsk~~ Dansk - Isl. Forening 08 | 2 | — | | |
| | | Pr kontant d. 18 Febr 08 | | | 145 | 56. |
| April | 8 | 1. Historisk Tidsskrift pr cplt. | 3 | — | | |
| | 10 | 1 New Dictionary Vol. VI (Monopoly - Movement). | 5 | — | | |
| Mai | 14 | 1 Medlemsbidrag t. Dansk - Isl. Foren. II Sem 07. | 2 | — | | |
| | 23 | Aarbøger pr cplt. | 4 | — | | |
| 1907 Decbr | 2. | Medlemsbidrag t. dansk - Isl. Foren. | 2 | — | | |
| | 7 | " " " t " " " I Sem 07. | 2 | — | | |
| 1908 Júni | 2 | 1 Dictionary des Antiquetes 41 Fas. × | 4 | — | | |
| | 5 | 1 Feilberg Ordbog 32. × | 2 | 50 | | |
| | | 5% af de med × mark. Bøger | | | 1 | 33. |
| | | Pr Ballance | | | 47 | 17 |
| | | | 194 | 06 | 194 | 06 |
| | | Au Saldo. | 47 | 17. | | |

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

TELEFON Nr. 3176. KØBENHAVN, D. 15 Juni 1908

~~Herr~~ Reykiavik lærde Skole : Præmie Konto

FRA

SORTIMENT AF SKANDINAVISK LITERATUR.

# GEORG CHR. URSIN's EFTERFØLGER

KØBMAGERGADE № 8.

STORT LAGER AF UDENLANDSK LITERATUR.

DEBET.

| | | | | KR. | ØRE |
|---|---|---|---|---|---|
| Mai | 27 | An 2 Bruun Kampen om Nordpolen hft. | | 21 | 50 |
| | | 3 Rolfssen Verdenshistorie ib. | 10/- | 30 | — |
| | | 3 Ottosen Vor Historie 1/3 ib. | 9/- | 27 | — |
| | | 2 Feddersen Havet ib. | 13/35 | 26 | 70 |
| | | 3 Johanssen, Nygaard Latinsk Ordbog | 8/50 | 25 | 50 |
| | | 2 Bjørnsson Fortællinger ib. | 3/50 | 7 | — |
| | | 2 Brehm Dyrenes Liv 1/3 ib. | 8 | 24 | — |
| | | 3 Sydow-Wagner Schulatlas | | 15 | — |
| | | | | 176 | 70 |
| | | ÷ 5% Rabat. | | 8 | 83 |
| | | | | 167 | 87 |

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

TELEFON Nr. 3176. KØBENHAVN, D. 5 Juni 1908.

~~Hr.~~ Reykjavik lærde Skoles Skolebibliothek

FRA

SORTIMENT AF SKANDINAVISK LITERATUR.

# GEORG CHR. URSIN'S EFTERFØLGER

KØBMAGERGADE № 8.

STORT LAGER AF UDENLANDSK LITERATUR.

DEBET.

| | | | KR. | ØRE |
|---|---|---|---|---|
| Febr | 19 | Au 1 Stevenson. Treasure Island | 1 | 45 |
| | | 1 Hermann. Kunstgeschichte in Bildern I | 12 | 50 |
| April | 23 | 1 Ewerwall Græsk & romersk Litteratur | 4 | 25 |
| | | 1 Horn Geografi f. Mellemskolen | 2 | 50 |
| | | 1 Happner Geografi | 2 | 80 |
| | | 1 Ritter Abriss d. gesch. d. antiken Litteratur | – | 60 |
| | | 1 Sommerbrodt. Das griech. Theater | – | 95 |
| | | 1 Schreiber Recueil de Poesies francaises I/II 0,70 | 1 | 40 |
| | | 1 " " " " " Obercastufe | 1 | 35 |
| | | 1 Bube English Poetry. I/II. à 0,70 | 1 | 40 |
| | | 1 " " " III | 1 | 35 |
| Mai | 27. | 1 Bondesen & Wedergaard. Danske Digtere | 3 | 75 |
| | | 1 Trede Dansk Læsebog 1/2. 2/10 | 4 | 80 |
| | | 1 Flor. Haandbog i den danske Litteratur | 4 | 75 |
| Juni | 9. | Petersen Vort Legeme. | 1 | 25 |
| | | 1 Møller Sundhedslære | – | 85 |
| | | 1 Jensen. Vort. Legeme. | – | 50 |
| | | 1 Schmeil Menneskelegemet | – | 75 |
| | | 1 Berthelsen Dansk. sprogl. Læsebog 1/2 | 6 | 50 |
| | | 1 Fenger. Norsk Landsmaal | 1 | 25 |
| | | | 54 | 95 |

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Til bæjarstjórn Reykjavíkur.

Njn. 22. sept. 1908.

Á fundi niðurjöfnunarnefndarinnar 19. p.m. voru athuguð bréf þau, er nefndinni höfðu borist frá því í byrjun júlímánaðar, um afnám eða lækkun útsvara nokkurra, þeirra er á gjalddaga féllu á þessu ári ~~voru lögð sem fyrri og síðari helming~~

1. Þorkell Halldórsson, Njálsg. 30. kveðst hafa verið sjúkur og legið í spítala, þá er gjaldið var á lagt, og því eigi getað kost í taka tíð, og vera einn með veikum burðum. Skýrslu hans um hagi sína hyggur nefndin vera rétta í alla staði og leggur því til, að beiðni hans um lækkun útsvarsins úr 10 kr. í 4 kr. verði tekin til greina.

2. Árni Helgason, Bergstaðast. 22 (í skránni talinn á Njálsg. 47), beiðist lækkunar á útsvari sínu úr 16 kr. í 10 kr. sökum veikinda konu sinnar og barns síðastliðinn vetur. Þó að skýrsla þessa manns um veikindin á heimilinu muni vera rétt, þá hyggur nefndin eigi þörf að lækka útsvarið að sinni meir en í 12 kr. með því að hann var talinn efnaður maður, þá er hann fyrir fám árum fluttist til bæjarins, er sjálfur vel vinnandi og hefir að eins fyrir einu barni að sjá. Leggur nefndin því til, að gjaldið verði lækkað um 4 kr.

3. Guðjón Rögnvaldsson, Hverfisg. 25 (í skránni talinn á Frakkastíg), fer fram á, að útsvör sín 1907 og 1908, 16 kr. hvort árið, verði feld burt, með því að hann hefir verið nemandi í Flensborgarskóla [illegible] 1906–7 og 1907–8 [illegible]

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Þessi maður er einhleypur og hefir fyrir engum að sjá, hefir bæði árin stundað sjómensku á þilskipum mestan hluta vertíðar og hefir því haft góða atvinnu — enda sjálfur dugnaðarmaður, svo að hann virðist fyrir þá sök eigi að bera venjulegt lausamannsgjald. En með því að hann kann að hafa haft meiri kostnað af skólavistinni í Flensborg á veturna, en ella myndi, þá leggur nefndin til að bæjarstjórnin sýni honum tilhliðrunarsemi í því að lækka gjaldið t.d. um allt að helmingi hvort árið, en felli það eigi burt með öllu.

4. Ólafur Árnason, Laugav. 51 (í skránni talinn frá Skálholtsk., Vatnsstíg), skýrir frá því, að kona hans hafi legið í spítala „í fleiri mánuði í vetur og vor“; sjálfur sé hann orðinn fullorðinn og heilsulítill. Með því að þessi skýrsla hans reynist að vera rétt, þá leggur nefndin til, að beiðni hans um uppgjöf á þeim helmingi gjaldsins, er eftir stendur, 4 kr., verði tekin til greina.

5. Sæmundur Guðmundsson, Þingholtsstr. tilkynnir í bréfi sínu, að hann hafi flutst burt úr bænum í marzmán. síðastliðnum og telr því til að greiða 10 kr. af útsvarinu, sem var alls 18 kr., fyrir þann tíma, sem hann var í bænum. Þetta boð virðist nefndinni mjög sanngjarnt og leggur til að því verði tekið.

6. Magnús Helgason, kennaraskólastjóri, skýrir svo frá, að hann hafi eigi flutst til bæjarins til að hafa hér fast heimili fyr en í þessum mánuði og eigi því öll lögboðin gjöld af hendi að inna í Hafnarfirði til loka þessa mánaðar. Allt þetta mun

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

vera dagsanna og mun honum því að lögum
eigi beint vera skylt að greiða sérstakt gjald í
bæjarsjóð fyrir þessa þrjá mánuði, sem eftir
verða af árinu; en nú hefir hann bæði í
bréfinu og munnlega við formann nefndar-
innar téð sig fúsan til að greiða hæfi-
legt útsvar og að réttu hlutfalli um nefndan tíma og leggur
nefndin því til, að útsvarið verði lækkað
úr 60 kr. í 30 kr.

Fylgiskjölin endursend.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

BÆJARFÓGETINN Í REYKJAVÍK

Reykjavík 16. d. júlí mán. 1908.

Hjermeð leyfi jeg mjer að senda hinni heiðruðu niðurjöfnunar-nefnd 3 erindi, eitt frá Guðjóni Rögnvaldssyni um burtnám aukaútsvara hans árin 1907 og 1908 og hin 2 frá Árna Helgasyni, Bergstaðastíg 22 og Þorkeli Halldórssyni Njálsgötu 30 um lækkun útsvara sinna og óska að fá umsögn nefndarinnar um erindi þessi og þau endursend með svarinu.

Halldór Daníelsson.

Til
Niðurjöfnunarnefndar Reykjavíkur.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Skrifstofu Borgarstjóra Reykjavikur

28. ágúst 1908

85

Samkvæmt ályktun bæjarstjórnar á síðasta fundi sendi jeg niðurjöfnunarnefndinni hjer með til umsagnar erindi Ólafs Árnasonar, Laugaveg Nr. 51, þar sem hann fer þess á leit, að honum verði gefinn eptir helmingur af aukaútsvari því, er honum hefur verið gjört að greiða þetta ár. Umsögnina væri æskilegt að fá fyrir næsta bæjarstjórnarfund.-

Páll Einarsson

Til Niðurjöfnunarnefndar Reykjavikur.-

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Skrifstofu Borgarstjóra Reykjavikur

26.ágúst 1908

74

Stjórnarráðið hefur með brjefi dags.25.þ.m.

skrifað á þessa leið :

"Utanrikisstjórnin danska hefur eptir beiðni frakkneska sendiherrans i Kaupmannahöfn skýrt frá því,að árslaun yfirhjúkrunarkonunnar i hinu frakkneska sjúkrahúsi i Reykjavik sjeu sett niður ß 3000 franka."

Þetta leyfi jeg mjer að tilkynna niðurjöfnunarnefndinni hjer með.-

Páll Einarsson

Til

Niðurjöfnunarnefndar Reykjavikur.-

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Til bæjarstjórans.

Rvn. 3. nóv. 1908.

Þér hafið, herra bæjarstjóri, sent niðurjöfnunarnefndinni nokkur erindi frá gjaldendum ~~tíu~~ bæjarins um uppgjöf eða lækkun á aukaútsvörum þeim, er á þá hafa verið lögð.

1. Einar Björnsson í Ráðagerði sækir um eftirgjöf á aukaútsvari því, 18 kr., er á hann var lagt um árið 1908. Hann ber fyrir sig heilsuleysi, kveðst hafa legið 4 legur „nú í rétt ár" í blóðspýju og ekkert mega á sig reyna. Til sönnunar þessu hefir hann sent læknisvottorð. Þótt það sé í alla staði rétt, ~~að~~ maður þessi segir um veikindi sín að undanförnu og að hann megi ekki fást við stritvinnu, þá finnur nefndin eigi nægar ástæður til að breyta gjaldinu, með því að hann hefir að minsta kosti 1 fullkominn mann til allrar vinnu, son sinn uppkominn, sem ekkert er á lagt sérstaklega, en að eins 1 ómaga, er talinn fremur vel efnaður og heimilisástæður hans að öðru leyti ~~betri~~ ekki lakari en hjá mörgum öðrum, er svipuð gjöld verða að bera. Nefndin leggur því til, að gjaldið verði ekki lækkað að sinni.

2. Sigurjón ~~Sigurðsson~~ trésmiður fer fram á, að bæjarstjórnin felli burt meiri hluta aukaútsvars síns 1908, með því að hann hafi eigi getað stundað atvinnu sína sökum veikinda þetta árið. Þá er aukaútsvörum var jafnað niður í fyrra í nóvembermán., var þessi maður orðinn veikur, svo að gjaldið var með tilliti til þess ekki haft hærra en 70 kr.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Nú hefir hann að vísu verið veikur alt til þessa, en þó eigi atvinnulaus með öllu, þar sem hann hefir haft 2 lærlinga við smíðar og umsjón með smíði eins stórhýsis í vor og alt sumar. Auk þess hefir hann undir höndum stórmiklar eignir, sumar að minsta kosti góðar. En með því að hann hefir sjálfur verið algerlega frá líkamlegri vinnu alt árið, þá vill nefndin leggja til, að útsvarið verði, ef svo sýnist, lækkað í 50 kr. Á meiri lækkun telur hún ekki þörf að sinni.

3. Eiríkur Björnsson frá Þverá, Grettisg. 42 B, kveðst eigi hafa sótt um bæjarvist fyr en frá 1. okt. í haust og sé sér því eigi skylt að greiða gjald það, er á hann var lagt í aukaniðurjöfnuninni í sumar. Nefndinni er kunnugt um, að maður þessi fluttist eigi búferlum hingað fyr en um mánaðamótin sept. og okt. í haust, og leggur fyrir því til, að útsvarið (8 kr.) verði ~~skp~~ látið niður falla.

4. Arndís Þorsteinsdóttir í Miðhúsum við Lindargötu, ekkja Jóns skipstjóra Jónssonar, þess er drukknaði í vor, biður um, að útsvar það, 25 kr., er maður hennar átti að greiða þetta árið, verði sér eftir gefið, með því að hún sé atvinnulaus og eigi fyrir að sjá 3 börnum þeirra í ómagaaldri. Nefndinni er kunnugt um erfiðar ástæður ekkju þessarar og leggur til að útsvarið verði henni eftir gefið.

5. Sigurður Oddsson, skipstjóri, Miðstræti 8 B, þykist verða of hart úti í útsvarsálögum árið 1907, þar sem

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

hann hafi greitt 16 kr. útsvar í Keflavík, og ~~þar hafi sér verið gert 30 kr. útsvar~~ þar sem hann þá telur sig hafa átt lögheimili, og hér hafi sér verið gert 30 kr. útsvar. Nefndin, sem hefir áður haft samskonar kæru frá honum til meðferðar, hefir litið svo á og gerir enn, að honum hafi verið skylt að greiða hér útsvar, þar sem hann vitanlega stundaði atvinnu sína héðan og var hér heimilisfastur maður fulla 7 mánuði af árinu, enda þótt hann annaðist eða stæði straum af föður sínum veikum og farlama suður í Keflavík. Nefndinni þótti hæfilegt að leggja á hann 30 kr. gjald eftir efnum og ástæðum og það gjald ætti hann að greiða hér, en eigi þar syðra. En með því að hann hefir í bréfi sínu játað, að hann væri nú orðinn bæjarmaður — og hefir greitt útsvar sitt hér í ár —, þá vill nefndin gera það til samkomulags, svo að þessari rekistefnu megi vera lokið, að leggja til, að helmingur útsvarsins 1907 eða því sem næst verði honum eftir gefinn, svo að útsvör hans það ár bæði hér og þar verði samtals nær 30 kr., svo sem nefndin hefði upphaflega talið vera hæfilegt gjald.

6. Sigríður Hansdóttir, ekkja Þórðar verslunarmanns Guðmundssonar, Hverfisg. 10, biður um, að útsvar það, 35 kr., er maður hennar átti að greiða þetta árið, verði sér eftir gefið. Með því að ekkja þessi situr í óskiftu búi, að því er nefndinni er frekast kunnugt, og 2 dætur hennar hafa atvinnu við verzlun, en bera ekkert gjald til bæjarþarfa, þá vill nefndin eigi fella ~~það~~ útsvarið algerlega niður, heldur leggur hún til, að það verði lækkað niður í 10 kr.

Fylgiskjölin endursend.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Að endingu skal þess getið, að æskilegt væri, að nefndin fái skriflega vísbending um það, hvern úrskurð bæjarstjórnin leggur á téðar málaleitanir, er þar að kemur svo og hinar, er um var rætt í bréfi nefndarinnar, ~~d.~~ dags. 22. sept. í haust, og úrskurðaðar voru á fundi bæjarstjórnarinnar skömmu síðar.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Skrifstofu Borgarstjóra Reykjavikur

31.okt.1908

213

Jeg sendi niðurjöfnunarnefndinni hjer með erindi Sigriðar Hansdóttur,Hverfisgötu 10,þar sem hún fer þess á leit að útsvar manns hennar sál.Þórðar Guðmundssonar verði fellt burtu.Er það ósk min að fá umsögn niðurjöfnunarnefndar fyrir næsta bæjarstjórnarfund um erindi þetta.-

Páll Einarsson

Til

Niðurjöfnunarnefndar Reykjavikur.-

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Skrifstofu Borgarsþjóra Reykjavikur

27.okt.1908

210

Jeg hef meðtekið i dag erindi frą Sigurði Oddssyni ,þar sem hann fer þess á leit að útsvar hans 30 kr.verði fellt burtu. Jeg sendi því niðurjöfnunarnefndinni hjer með erindi þetta með ósk um að fá umsögn nefndarinnar fyrir næsta bæjarstjórnarfund.-

Páll Einarsson

Til

Niðurjöfnunarnefndar Reykjavikur.-

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Skrifstofu Borgarstjóra Reykjavikur
22.okt.1908

200

Á síðasta fundi bæjarstjórnarinnar lágu fyrir til ályktunar erindi frá Einari Björnssyni í Ráðagerði, Sigurjóni Sigurðssyni snikkara og Eiriki Björnssyni Grettisgötu 42,um að fá lækkuð eða felld burtu útsvör þau er þeim hefur verið gjört að greiða á yfirstandandi ári.Bæjarstjórnin vísaði erindum þessum til niðurjöfnunarnefndarinnar til umsagnar,og sendi jeg því niðurjöfnunarnefndinni þau,með ósk um að fá umsögn nefndarinnar fyrir næsta bæjarstjórnarfund.

Ennfremur hef jeg eftir bæjarstjórnarfundinn meðtekið samskonar erindi frá Arndísi Þorsteinsdóttur í Miðhúsum við Lindargötu,er jeg sendi nefndinni einnig hjer með og óska að fá umsögn hennar um,fyrir næsta bæjarstjórnarfund.-

Páll Einarsson

ZTil

Niðurjöfnunarnefndar Reykjavikur.-

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Skrifstofu Borgarstjóra Reykjavikur

10.nóv.1908

242

Á fundi 5.nóv.þ.á. samþykkti bæjarstjórnin eptirfylgjandi breytingar á útsvörum :

(að fella eigi burt nje ljetta útsvar Einars Björnssonar)

að útsvar Sigurjóns Sigurðssonar lækki niður i 50 krónur

að útsvar Eiriks Björnssonar frá Þurá falli burt

að útsvar Arndisar Þorsteinsdóttur ekkju,gefist eptir

að útsvar Sigurðar Oddssonar 1907 lækki niður i 15 krónur

að útsvar Sigriðar Hansdóttur ekkju,lækki niður i 10 kr.-

Þetta leyfi jeg mjer að tilkynna niðurjöfnunarnefndinni hjér með.-

Páll Einarsson

Til

Niðurjöfnunarnefndar Reykjavikur.-

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Skrifstofu Borgarstjóra Reykjavikur

23. jan. 1909

373

Á fundi 21.þ.m. samþykkti bæjarstjórnin samkvæmt tillögum niðurjöfnunarnefndarinnar, að aukútsvar Eggerts Brandssonar í Sjáfarborg árið 1908 skyldi lækkað úr 20 kr. niður í 14 kr.-

Þetta tilkynnist niðurjöfnunarnefndinni hjer með.-

Páll Einarsson

Til niðurjöfnunarnefndar Reykjavikur.-

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Skrifstofu Borgarstjóra Reykjavikur

1o.nóv.1908

241

Á fundi 1.okt.þ.á.samþykkti bæjarstjórnin eptirfylgjandi breytingar á útsvörum :

að lækka útsvar Þorkels Halldórssonar,Njálsgötu 20 úr 10 kr. niður i 4 kr.- (1908)

að lækka útsvar Árna Helgasonar,Bergstaðastræti, úr 22 niður i 12 krónur.-

að lækka útsvar Guðjóns Rögnvaldssonar,Hverfisgötu 25 1907 og 1908 úr 16 kr.niður i 8 kr. hvort árið .-

að lækka útsvar Ólafs Árnasonar,Laugaveg 51 úr 8 kr. niður i 4 kr.(1908).-

að lækka útsvar Sæmundar Guðmundssonar,Þingholtsstræti úr 18 kr. niður i 10 krónur.-

að lækka útsvar sera Magnúsar Helgasonar,skólastjóra úr 60 kr. i 30 kr.(1908) með því að hann flutti ekki hingað alfarið fyr en i lok septembermánaðar.-

Felt burtu útsvar Magnúsar Jónssonar skipstjóra(1908), er drukknaði af skipinu "Keflavik".-

Þetta leyfi jeg mjer að tilkynna niðurjöfnunarnefndinni hjermeð.-

Páll Einarsson

Til

Niðurjöfnunarnefndar Reykjavikur.-

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Skrifstofu Borgarstjóra Reykjavikur

9.jan.1909

344

Samkvæmt ályktun bæjarstjórnar á fundi 7.þ.m., sendi jeg niðurjöfnunarnefndinni hjer með til umsagnar erindi Eggerts Brandssonar,trjesmiðs 4.þ.m.,um að fá lækkað aukaútsvar það,er honum hafði verið gjört að greiða árið 1908. Óska jeg að hafa fengið umsögn niðurjöfnunarnefndarinnar um þetta fyrir næsta bæjarstjórnarfund sem haldinn verður 21.þ.m..-

Páll Einarsson

Til

Niðurjöfnunarnefndar Reykjavikur.-

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Til bæjarstjórnar.

Njr. 20. jan. 1909.

Þér hafið, herra bæjarstjóri, með bréfi, dags. 9. þ. m., sent njr. erindi frá Eggert Brandssyni, þar sem hann fer fram á að útsvar sitt 1908 verði lækkað að mun.

Útsvar það, er hér um ræðir, 20 kr., var ~~miðað við það~~ ákveðið svo af því, að ýmsum í nefndinni var kunnugt um, að hann hafði haft góða atvinnu við málaraiðn árið 1907 og þess þá vænst, að svo mundi verða framvegis, en þar sem sú atvinna hefir ~~brugðist honum~~, að sjálfs hans sögn og vitanl. kunnugra manna í nefndinni, ~~brugðist~~ hefir orðið rýrari honum að nokkru leyti og hann er sökum meiðslis síns lítt fær til annarar vinnu, þá leggur nefndin til að útsvar hans verði lækkað niður í 14 kr.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Til bæjarstjóra Rvíkur.

Rvk. 4. marz 1909.

Þér hafið, herra bæjarstjóri,
sent niðurjöfnunarnefndinni beiðni frá
nokkrum gjaldendum um lækkun eða
eftirgjöf á aukaútsvörum þeim, er þeim
hafði verið gert að greiða hér árið 1908,
og óskað umsagnar hennar um þessi er-
indi.

1. Arnleif Helgadóttir, sem kveðst vera
„námsmey yfir veturinn og eiga aðalheimili
austur í Landeyjum", ~~er saumakona~~ hefir verið
um 2 undanfarin ár og er enn sauma-
kona hér í bæ á vetrum og tekur
kaup sem fullnuma í þeirri iðn, enda
þótt hún kunni að fara í sveit, í átt-
haga sína á sumrum; nefndin getur
því eigi ráðið til, að beiðni hennar
um eftirgjöf útsvarsins verði tekin
til greina.

2. Carl Ólafsson ljósmyndari skýrir
frá, að hann hafi árin 1907 og 1908 sum-
part verið atvinnulaus heima hjá foreldr-
um sínum og sumpart verið erlendis eða
annars staðar hér á landi (Ísafirði og
Hafnarfirði). Þessi skýrsla hans reynist
rétt í alla staði og leggur nefndin til,
að útsvör hans þessi ár verði látin
niður falla.

3. Guðrún Nikulásdóttir, Holtsgötu 8,
beiðist þess, að útsvar það, 12 kr., er mað-
ur hennar, Jón Halldórsson, er andaðist
í fyrra í marzmánuði, verði látið niður
falla, með því að hún sé bæði eignalaus
og farin að heilsu. Nefndin leggur til,

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

að þessi beiðni hennar verði að öllu leyti tekin til greina, og útsvarið látið niður falla.

4. Ragnheiður Clausen-Jónsson, Tjarnargötu 8, biður um, að útsvar það 8 kr., er henni var gert að greiða 1908, verði sér eftirgefið, með því að atvinna hennar sé svo rýr, að hún sjái sér eigi fært að greiða svo hátt gjald. Nefndin sér eigi ástæðu til að fella gjaldið algerlega niður að svo stöddu, en leggur til, að það verði lækkað um 4 kr., með því að hún á fyrir barni að sjá og mun vera fremur eignalítil.

5. Matthías Einarsson spítalalæknir sækir um, að útsvar yfirhjúkrunarkonunnar ungfrú M. Petitcolet um árið 1908 verði fært niður að sama skapi og af sömu ástæðum sem útsvar hennar 1907. Nefndin hefir fyrir sitt leyti ekki á móti, að svo verði gert.

6. Böðvar Jónsson, Bergstaðastr. 45, beiðist þess, að sér verði gefið eftir það af útsvörum hans 1907 og 1908, sem hann á enn eftir ógreitt (5 kr. fyrir 1907 og 10 kr. fyrir 1908). Nefndin leggur til, að beiðni hans verði tekin til greina á þann hátt, að hann verði látinn greiða helming gjaldsins 1908, eins og hann hefir gert 1907, en hinn helmingurinn verði látinn niður falla bæði árin.

Fylgiskjölin endursend.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Skrifstofu Borgarstjóra Reykjavikur

8. febr. 1909

392

Á siðasta fundi visaði bæjarstjórnin til umsagnar niðurjöfnunarnefndarinnar erindi Böðvars Jónssonar, Bergstaðastræti 45, um eptirgjöf á aukaútsvörum árin 1907 og 1908.Erindi þetta með tveimur fylgiskjölum sendi jeg því niðurjöfnunarnefndinni hjer með og óska umsagnar hennar um það fyrir næsta fund bæjarstjórnarinnar.-

Páll Einarsson

Til Niðurjöfnunarnefndar Reykjavikur.-

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Skrifstofu Borgarstjóra Reykjavikur

23. jan. 1909

375

Á síðasta fundi bæjarstjórnarinnar lágu fyrir beiðnir eptirgreindra 5 manna um lækun og eptirgjöf á aukaútsvari því, er þeim hafði verið gjört að greiða hjer árið 1908 :

Arnleifar Helgadóttur,

Carls Ólafssonar,

Guðrúnar Nikulásdóttur,

Ragnheiðar Clausen Jónsson og

Mattiasar Einarssonar fyrir hönd júngfrú M.Petitcola.

Bæjarstjórnin vísaði öllum þessum umsóknum til umsagnar niðurjöfnunarnefndarinnar og því sendi jeg þær hjer með og óska umsagnar nefndarinnar um þær fyrir næsta bæjarstjórnarfund.-

Páll Einarsson

Til niðurjöfnunarnefndar Reykjavimur.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Heiðraða Niðurjöfnunarnefnd
Reykjavíkur.

Jeg skrifa ekki þetta brjef í þeim tilgangi að jeg vilji skorast undan hæfilegu gjaldi, heldur hitt að gefa hinni heiðruðu nefnd þær upplýsingar um ástæður mínar, sem jeg þykist vita að hún hafi ekki, því hún getur ímindað sjer að jeg hafi mjög góðar ástæður, þar sem ekki eru nema við tvö á manntalsskrá bæjarins.

Þær upplýsingar sem jeg vildi gefa hinni heiðruðu nefnd um hagi mína eru að jeg á föður á lífi í Keflavík, heilsulausann og blindann, og hann á þar 12 ára gamalt barn og hef jeg einn að öllu leiti sjeð fyrir heimili hans, og hefir það kostað mig 5 til 6 hundruð krónum á ári.

Þetta vildi jeg láta hina heiðruðu nefnd vita, ef hún vildi taka eitthvert tillit til þess þegar hún leggur á mig gjald til bæjarþarfa; en legg það á hennar vald hverjum augum hún vill líta á það.

Virðingarfyllst
Reykjavík 11. desember 1908
Sigurður Oddsson
(skipstjóri)

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Sigurður Oddsson

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Jeg leyfi mjer hjermeð, að senda hinni heiðruð niðurjöfnunar nefnd Reykjavíkur bæjar, eptirfylgjandi upplýsingar um drift það er, Sameignarkaupfjelag Reykjavíkur h/f., hefur rekið í 7 mánuði alls af næstliðnu ári; reyndar byrjaði fjelagið ekki að fá vörur sem talist gat fyrri enn með ágúst ferð Sterlings er kom hingað 14 þ. mán. Lítilsháttar vöru slatta fjekk þó fjelagið með „Sterling" 14. júlí er numdi Kr. 3027,54. Vörur þær er fjelagið seldi til þess tíma vóru frá mjer til fjelagsins og numdu þær

| | | |
|---|---|---|
| því verði er nú greinir | Kr. 15406,14. | |
| Ennfremur verzlunar áhöld fyrir | „ 2029,83 = | Kr. 17435,92 |
| Ennfremur hefur fjelagið fengið vörur frá útlandinu uppá alls | | „ 34370,80 |
| Alls hefur fjelagið haft vörur milli handa fyrir | | Kr. 51.806,72 |
| Útgjöld á þessum vörum hefur verið 1. Aðflutningsgjald | Kr. 3.614,61. | |
| Frakt eða flutnings kostnaður frá útlöndum netto | „ 1.817,67 | |
| Uppskipun 161,55 keyrsla á vörum heim 131,12 | „ 292,67 = | 5724,95 |
| Vörulager af útlendum vörum óselt pr. Kr. 25704,03 | | Kr. 46.081,77 |
| Verzlunaráhöld „ 2331,21 = | „ 28.035,24 | |

Fjelagið skuldar mjer allar vörurnar sem það fjekk hjá mjer.
Þessutan skuldar það Thor E. Tuliniusi drjúga upphæð.
Að upphæðir þær sem að ofan eru tilfærðar sjeu rjett teknar geta nefndarmenn fengið að sjá hjá undirituðum ef þeir óska.
Jeg vona að nefndarmenn taki þessar upplýsingar til athugunar við álögur á fjelagið og beri þær saman við upplýsingar frá öðrum.

Virðingarfyllst

Reykjavík 22/1-09.

pr. Sameignarkaupfjelag Reykjavíkur h/f.
S. Sigfússon

Til

Niðurjöfnunarnefndar á aukaútsvörum til Reykjavíkurbæjar

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Heiðraða Niðurjöfnunar nefnd

Hjer með vildi fara þess á leit við ydur að þjer vilduð gjöra svo vel, við næstu niður jöfnun og líta á fá tekt mína og setta út svars gjald mitt og er fá tækur maður og mjög þrotin að heilsu og hef svo ekki gjetað staðið í skjelum með svona hátt gjald sem mjer hefur verið á herðar lagt svo af þeim á stæðum finst mjer, eg vera knúður til að fara þess á leit sem að ofan er skrefað. – Með virðingu

Þorvaldur Arnason,

Holtgutu [illegible] 18/1 1909

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Bakkabæ 8/2 '19.

Háttvirta niðurjöfnunarnefnd!
Viðvíkjandi útsvari því, er
lagt var á mig á Bakkafirði,
tvö undanfarin sumur, sem var
fyrra sumarið Kr. 3,00 og síðara
Kr. 2,50. – Útsvarsseðil frá fyrra
árinu bað jeg einn niðurjöfn-
unarnefndarmanninn að
framvísa á nefndarfundi og
var hann als ekki tekinn
til greina, og vonast jeg til
að þeir verði rjettsýnni, sem

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

nú setja í niðurjöfnunar-
nefnd, og þaraf leiðandi
dragi úr útsvari mínu
hér. –
Útsvars-seðill frá Bakkaþiti
fylgir línum þessum. –

virðingarfylst

Jón Jónsson

Til
Niðurjöfnunarnefndarinnar
í Reykjavík. –

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Skeggjastaðahreppur

til Jóns Jónssonar Höfn

| | | Kr. | aur. |
|---|---|---|---|
| Aukaútsvar 1908 | 2/50 = | 2 | 50 |
| | | 2 | 50 |

Greiðist undirrituðum fyrir 22 þ.m.

Borgað Höfn 19/10–08

H. Runólfsson H. Runólfsson

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Hen heidrada Nidurjöfnunar
nefnd. Reykjavíkur.
Jeg vil með brjefi þessu sega
ydur dálitid að ástæðum
minum af því mjer finst
jeg ekki gjeta borid það
bæar gjald sem jeg hef ádur
haft ástædurnar eru þessar
1 ad jeg hef ekki haft nima
fjegra mánada vinnu efir
fir ledid ár 1908
2 ad jeg hef 3 börn og heilsuletla
Konu framm ad fæda
3 svo hef jeg 4 börn eptir firri
Konu mina semjeggjef med

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

og fría við sveitarstyrk.
4 hef jeg liðið mikil veikindi á
(heimili mínu?)
undanfarið, ár og kostað mikla
læknishjálp.
Þess vegna vil jeg biðja yður
heiðraða. Niðurjöfnunarnefnd
að taka þettað brjef til greina
því þá/jer finst jeg ekki hafa
ástæðu til að bíra það bæar
gjald sem jeg hef áður borið
Virðingarfyllst

Reykjavík 29/1 09

Elís. Pjetursson
Grettisgötu 17B

áður Njálsgötu 48B

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

**Carl Schepler,**
**Smør-, Æg- og Margarine-Lager,**
Telegram-Adr.: Coper.
Etabl. 1895. — Telefoner 4464 & 6214.
Filialer i Ind- og Udland.

København, den ............................................ 190
Ravnsborggade 5 & 13.

# 1908.

| | Indtaegt | | Udgift |
|---|---|---|---|
| | 23,203,40 | | 24,952,85 |
| 12/12-08. | 4,793,33 | Varer | 4.208,23 |
| " | 110,00 | Husleje | 10,00 |
| 30/1-08. | 70,00 | Løn | 55,00 |
| " | 0,00 | Kredit | 0,00 |
| " | 594,15 | Marker | 807,40 |
| | 1,262,60 | Undersk. | |
| | 30,033,48. | | 30,033,48. |

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

**Carl Schepler,**
**Smør-, Æg- og Margarinelager,**
Telegram-Adr.: Coper.
Etabl. 1895. — Telefoner 4464 & 6214
Filialer i Ind- og Udland.

København, den 12/2 1909.
Ravnsborggade 5 & 13.

Til Ligningsmyndighederne

i Reykjavik!

Da der forrige Aar blev paalignet Smörhuset en Skat af 60 Kroner trods det at Forretningen havde bragt stort Tab, skal jeg herved ærbödigst oplyse at Smörhuset i Regnskabsaaret 30/1 07 til 12/12 08 har givet et Tab stort 1262 Kr 60 øre, som vedlagte Udskrift af Regnskabet udviser. Idet jeg beder den höjtærede Ligningskommission tage Hensyn til dette tegner

med Höjagtelse

Carl Schepler

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Reykjavík 20 Nóvbr 1908

Eg undirritaður leifi mjer hjer með að tilkinna hinni heiðruðu niðurjöfnunarnefnd á stæður mínar sem eru þannig að eg hef haft mjög lítið að gjöra í Sumar eg hef verið svo heilsulitill síðan í firra að eg lá svo eg treisti mjer ekki til að fara í sveit. Þar af leiðandi varð eg að stunda þá vinnu er til fjelli hjer í Bænum sem var þó ekki annað en stopul eirarvinn[a] eg var líka oft svo lasin að eg gat ekki unnið þó eitt hvað væri til að vinna og stundum varð eg að hætta að vinna firir [illegible] Læknann

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

seigja mjer að eg þurfi að láta
skjóra mig upp það sje Batn langa
bólga sem að mjer gangi og bíst eg
við að meiga líða því enn fremur
hefur þessi námspeltur (sem segja mjer er) verið
að vinna laus í alt haust svo
er hann búin að liggja í 3 vikur
í lungna bólgu og þar af leiðandi
þurft að kosta miklu til Lækna
og meðala ~~Svo~~ læg eg næstum
allan ofta ber ... nú á fótum
hef ekki varum nokkurt handar-
vik að gjöra í allan vetur svo eg
sje ekki fram á annað en eg meigi
fá sveita stirk í vetur til að geta
haldið Húsi minu við og borgað

Húsa leigu og ýmsa Skuldir skatta
það segir sig sjalft. Þegar maður
getur ekki unnið svo á Sumrin
að maður hafi handa sín Húsi
Þegar maður vinnur það sem hald
an og að vinna leifir þá má nú
geta um líðanina á veturnar
þegar ekkert er að gjöra og engar
or leifar frá Sumrinu
eg treist hinni heiðruðu niður
sjófunnar nemd að setja ekki
hattið svo á mig því eg sje
heldur ekki að eg geti borgað það
Virðingar fillst
Sigurgeir G. Kristjansson
[illegible]
Hverfisgötu 56

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Reykjavík 24 nov. 1908

Hjer með tilkynnist hinni heyðruðu Niðurjöfnunarnefnd Reykjavíkur að jeg slít Viert úr Consum Straat 1. janúar 1909. og reki atvinnu mína utan bæjar eptir leiðis eða næsta ár

Virðingarfyllst

Reykjavík 24/11-08

Jón Sigurðsson
skipstjóri
Hverfisgötu 37.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Um 2 undanfarin ár hefi jeg samkvæmt niðurjöfnunar-skrá orðið að borga 20 krónur í aukaútsvar til bæjarsjóðs. Jeg var þá talinn húseigandi og átti þá sjálfur í húseign fólgnar rúmar 2000 krónur – en það var líka öll aleiga mín. En á húseigninni hvíldu svo miklar veðskuldir, að jeg gat eigi staðið í skilum með vexti og afborganir, og á síðastliðnu ári varð sú afleiðingin, að húseign mín var seld á uppboði; svo jeg við það missti aleigu mína og varð öreigi, og þó eigi nærri skuldlaus, og hefi alls ekkert við að styðjast til framfæris mjer og heimili mínu en það, sem jeg með vinnu minni get unnið fyrir, sem aðallega er fólgin í því, að jeg á sumrin vinn á hvalveiðastöð Ellefsens á Mjóafirði. En á öðrum tíma ársins hefi atvinna mín þetta ár verið mjög lítil og stopul. Hagir mínir eru því þetta ár mikið örðugri nú en þeir hafa áður verið, svo að jeg eigi er fær um að geta borgað tilfinnanlegt aukaútsvar. Jeg hefi fram að færa konu mína og börn okkar, sem hún ól á síðastliðnu sumri, sem að því leyti varð kostnaðarsamara en venja er til, að læknishjálpar varð að leita og njóta við fæðingu þess. Auk þess hefi jeg hjá mjer aldurhnigna móður

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

mína, því nær sjónlausa og komna fótum fram, og er hún því alveg ómagi. Auk þess dó faðir minn, sem átti heima í Hafnarfirði, á síðastliðnu hausti, og þá varð jeg að annast um og borga útför hans.

Af framangreindum ástæðum leyfi jeg mjer virðingarfyllst að óska þess og vænta að hin háttvirta niðurjöfnunarnefnd ákveði aukaútsvar mitt fyrir þetta ár miklu lægra en það hefir verið undanfarin ár.

Skólavörðustíg 12 í Reykjavík, 3. febrúar 1909.

Virðingarfyllst.

Halldór Kristinn Guðmundsson

Til

niðurjöfnunarnefndarinnar í Reykjavík.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Til
bæjarfógetans í Reykjavík.

Nýr. 15. jan. 1908.

Með bréfi þessu skal yður, herra bæjarfógeti, skýrt frá störfum niðurjöfnunarnefndarinnar við álagning aukaútsvara til bæjarþarfa um árið 1908.

Nefndin lauk störfum sínum á lögboðnum tíma (á 23 fundum, en hver fundur stóð til jafnaðar 5 klst.) og var skráin síðan prentuð í heilu líki, svo sem í fyrra, og hefir verið til sölu; en sökum anna í prentsmiðjunni varð nokkur dráttur á prentuninni, svo að hún varð eigi lögð fram í bæjarþingstofunni fyr en 5. desember, en þar hefir hún síðan legið um lögmælt skeið. Hin niðurjafnaða upphæð varð með viðbótargjaldi, nær 8%, 75993 kr., en gjaldendur urðu samtals 2245. Kærur bárust nefndinni frá 46 mönnum alls og voru haldnir 3 fundir, 27. des., 4. jan. og 10. jan., til að ræða um þær og úrskurða. Var þá þessi breyting gerð á skránni:

I. <u>Gamlir gjaldendur</u> feldir burt:

| | | |
|---|---|---|
| 1. | Davíð Einarsson, Vesturg. 48 | kr. 16.00 |
| 3 | ~~Guðm.~~ Gíslason frá Saurbæ | – 8,00 |
| 4 | Hallgríma Gísladóttir lk. | – 6,00 |
| 2. | Eyjólfur Kr. Eyjólfsson stýrim. | – 30,00 |
| 6. | Magnús Bjarnason frá Keldudæk Brbst. 12 | – 12,00 |
| 5. | Kristín Vigfúsdóttir, Laugav. 61. | 6,00 |

II. <u>Nýir gjaldendur</u> teknir á skrá:

Eftir bréfi bæjarfóg. 3/12 1907:

Eyjólfur Bjarnason frá Borgum hm. kr. 12,00

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

| | | |
|---|---|---|
| Gestur Kristinn Guðmundsson Laugav. 70 | kr. | 16,00 |
| Gísli Gíslason frá Ósgarnesi Lindarg. 36 | – | 18,00 |
| Guðfinnur Einarsson Laugav. 77, hm. | – | 14,00 |
| Guðrún Jónsdóttir Hverfisg. 10 C hk | – | 6,00 |
| Jón Jónsson Laugav. 62 hm. | – | 14,00 |
| Nielsen, Andreas Folmar Laugav. 37 B | – | 16,00 |
| Sólberg Guðjónsson Laugav. 20 C | – | 18,00 |

Eftir ósk:

> Arndís Sigurðardóttir, Miðstr. 6, lk ... 4 –

Magnea Johannessen, Suðurgötu ... 4 –

| | |
|---|---|
| Helga Arnadóttir Laugavegi 18 | 4,00 |

Eftir kæru:

| | |
|---|---|
| Björn Bogason bókbindari | 12. – |
| Brynjólfur Magnússon bókbindari | 12 – |
| Einar Bjarnason járnsmiður (hjá Bjarth.) | 16 – |
| Einar Stefánsson stýrim. Vesturg. 48 | 12 – |
| Eiríkur Stefánsson Ingólfsstr. 8. | 10 – |
| Guðmundur Eileifsson stýrim. Spítalast. 5 | 10 – |
| — Gestsson Kárast. 5. | 8 – |
| — Jónsson Hverfisg. 35 | 16 – |
| Helgi Pálsson Félagsgarði | 4 – |
| Ívar Ívarsson verzlunarm. Barónsst. 14 | 8 – |
| Jón Guðbrandsson bókhaldari í Völundi | 20 – |
| Jón Klemensson frá Skrautholum lm | 16 – |
| Jónas P. Magnússon bókbindari | 8 – |
| Kristbjörn Einarsson Skólavörðust. 3 | 12 – |
| Magnús Gíslason, Gjörningdari | 6 – |
| — Sæmundarson Laugav. 22 | 10 – |
| Mattías Sigurðarson verzlunarstj. Lindarg. 7. | 16 – |
| Ólafur Kristófersson í Mörk lm. | 12 – |
| Pétur Lárusson prentari | 10 – |
| 2. Runólfur Guðjónsson bókbindari | 8 – |
| 1. Ragnheiður Clausen Jónsson frú | 8 – |
| 3. Runólfur Steingrímsson Hotel Reykjavík | 10 – |
| Sylvatur Jónsson Hverfisgötu 2 lm. | 8 ~~10~~ – |
| Sigurður Sigurðarson Lindarg. 8 | 12 – |
| — Þórðarson trésm. Njálsg. 48 B. | 12 – |
| — Þorsteinsson verzlunarm. (Duus) | 8 – |
| Sigurjón Jóhannsson Laugav. 57 | 10 – |
| Skúli Högnason lm. | 16 – |
| Sveinbjörn Jakobsson Stýrim. st. 7. | 8 – |
| Þóra Jónsdóttir hjúkrunark. Kleppi | 8 – |
| Þórður Andrésson frá Móbergi | 10 – |
| Þorfinnur Kristjánsson prentari | 14 – |

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

III. Þessir fengu hækkun á gjaldi:

| | |
|---|---|
| Finsen, Þórður verzlunarm. | um 5,00 |
| 2. Halldór Þorláksson frá Möðruvöllum | " 5,— |
| 1. Guðm. Magnússon prentari | " 15,— |
| Ísfélagið við Faxaflóa | " 50,— |
| Jakob Jónsson verzlunarm. | " 5,— |
| Jón Þorvaldsson cand. phil. | " 15,— |

IV. Þessir fengu lækkun á gjaldi:

| | |
|---|---|
| 1. ~~Bjarni Magnússon~~ Ari Hallvarðsson Hverfisg. 2 B ... | um 14 — |
| 2. Árni Jónsson Gunnarsholti ... | — 2 — |
| 3. Ásgeir Torfason cand. polyt. | — 10 — |
| 4. Bjarni Magnússon frá Rauðará | — 2 — |
| 5. Björn Björnsson söðlasm. Kárast. 2 | — 6 — |
| 6. Björn Hieronýmusson lm. | — 4 — |
| 7. Einar Jónsson Bergstaðastr. 34 B. | — 4 — |
| 8 Einar Jónsson frá Vilborgarkoti | — 6 — |
| 9. Gísli Þórðarson Hausthúsum | — 4 — |
| 10. Guðjón Guðmundarson frá Brekku í Vogum, Hvg. 28 B | — 4 — |
| 11. Guðjón Guðmundarson frá Rauðará, Lindarg. 18 | — 6 — |
| 12. Guðmundur Jónsson Lindarg. 1 B. | — 8 — |
| 13. Guðmundur Jónsson Sauðagerði | — 8 — |
| 14. Helgi Árnason Grettisg. 49 | — 2 — |
| 15. Jóhann Kr. Ólafsson trésm. Kárast. 7. | — 10 — |
| 16. Jón Brynjólfsson frá Kirkjuferjuhjál. | — 13 — |
| 17. Jónas Jónsson Hverfisg. 28 | — 4 — |
| 18. Magnús Magnússon frá Beitistöðum Laugav. 32 B. | — 4 — |
| 19. Magnús Thorberg símritari | — 10 — |
| 20. Ólafur Jónsson Litlagerði Lindarg. 18 | — 10 — |
| 21. Sigurgeir G. Kristjánsson frá Sauðárkróki | — 8 — |
| 22. Þóroddur Guðmundarson frá Miðvatni Grg. 36 | — 16 — |
| 23. Þorsteinn Bjarnason Bergstaðastr. 32 | — 8 — |
| 24. Þorsteinn Guðlaugsson Brautarholti | — 4 — |

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

V. Þessir hafa kært, en enga áheyrn fengið:

1. Björn Bjarnason dr. phil.
2. Guðjón Þórólfsson Lindarg. 18.
3. Guðni Sigurðarson bm. Laugav. 63
4. Guðm. Magnússon frá Ferjukoti
5. Halldór Gunnlaugsson verzlunarm.
6. Jónas Hieronymusson Grettisg. 10.
7. Nikulás Á. Halldórsson trésmiður.
8. Páll Guðmundarson Laugav. 26.
9. Pétur Hansson verzlm. Hausthúsum
10. Sigurður Jónsson Grettisg. 54.
11. Sophía Thorsteinsson frá Austurstr.
12. „Steinar", hlutafélag.
13. Th. Thorsteinsson kaupm.
14. Þórður Jónsson úrsmiður Austurstr.
15. Þorleifur Þorleifsson Stakkahlíð
16. Þorsteinn Guðmundarson frá Steinsholti Bergstaðastr. 48

Því næst endursendum vér yður, samkvæmt fyrirmælum yðar, öll þau skjöl, er voru með bréfum yðar 28. okt., 9. nóv., 23. nóv. og 3. des. f. á. Skattaskrá og manntalsskrá eru yður áður sendar.

Reikningur yfir útgjöld, sem stafa af niðurjöfnuninni, verður yður sendur síðar.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur